

ákveða að sjúklingur greiði tiltekinn hluta af kostnaði við meðferð. Þegar um er að ræða stofnanir, sem daggjaldanefnd ber að setja gjaldskrá, samkv. 46. gr. almtr.laga, kveður ráðuneytið einnig á um skiptingu greiðslu milli samlags og sjúklings.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 5. gr. laga nr. 58/1978 um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. febrúar 1981.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 371 25. október 1976
um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

1. gr.

10. gr. orðist svo:

Útdráttur vinninga fer fram opinberlega í Reykjavík þar sem happdrættisráð samþykkir.

Útdráttur fer fram undir eftirliti happdrættisráðs og að viðstöddum fulltrúa happdrættisins.

2. gr.

11. gr. orðist svo:

Við útdrátt vinninga skal nota eftirfarandi gögn og tæki:

- Tölvu, sem samþykkt er af happdrættisráði og stjórnað af sérfróðum manni.
- Dráttarforrit og annan hugbúnað, sem stýrir tölvunni við útdráttinn. Þessi hugbúnaður skal varðveittur í tölvutæku formi.
- Stokk til útdráttar á lykिलölu fyrir dráttarforritið. Stokkurinn skal vera með 8 hólfum og í hverju hólfu skal vera reglulegur tvitugflötungur, en á hvern flöt hans skal skráð ein talnanna frá 0 til 9, þannig að sérhver tala er á tveimur flötum.
- Nauðsynlegan tölvupappír og annan búnað í samræmi við þarfir forritsins.

3. gr.

d-liður 13. gr. orðist svo:

- Lykiltalan og upplýsingar varðandi útdráttinn, svo sem fjöldi númera og vinninga og vinningsupphæðir, eru færðar á gataspjöld, sem sett eru í tölvuna, eða settar inn frá lykilorði tengdu tölvunni og prentast út jafnhliða.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 16 13. apríl 1973 um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. febrúar 1981.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.